



## Umhverfivottun Íslands

### Menja von Schmalensee

Náttúrustofu Vesturlands, menja@nsv.is

Heimurinn allur, ekki einungis Ísland, stendur nú á tímamótum og er nauðsynlegt að taka marga grunnþætti lífennis okkar til endurskoðunar til að draga úr neikvæðum áhrifum okkar á jörðina. Íslenskt samfélag hefur að auki orðið fyrir áfalli. Mikilvægt er að uppbygging og framtíð landsins byggji á sjálfbærni og sterku siðferði.

Umhverfivottun Íslands er ein leið til aukinnar sjálfbærni í lífnaðarháttum okkar og hefði jafnframt í för með sér margvísleg jákvæð áhrif á atvinnu- og mannlíf.

Vottunarferlið felur í sér úttekt óháðs aðila, sem tryggir gæðastjórnun, aðhald og eftirfylgni og eykur því líkur á árangri. Aðkoma óháðs aðila eykur einnig á trúverðleika þess sem gert er og getur umhverfivottun, þar sem veitt er umhverfismerki, því verið öflugt tól til kynningar og markaðssetningar. Auk beins ávinnings fyrir umhverfið getur umhverfivottun þannig snert fjölmörg svið samfélagsins með því að bæta ímynd okkar, veita okkur samkeppnisforskot í ferðaþjónustu- og útflutningsgreinum og stuðla að sparnaði.

Lagt er til að Ísland allt verði vottað sjálfbært samfélag með því að votta starfsemi sveitarfélaga líkt og gert hefur verið á Snæfellsnesi undanfarin ár. Þar hefur orðið til þekking og reynsla sem sýnir okkur að um raunhæft markmið sé að ræða. Þá skal hafa í huga að vottunin segir ekki að við höfum náð fullkomnun, heldur að við séum sífellt að bæta okkur.

Greiður aðgangur sveitarfélaga að faglegum stuðningi er forsenda þess að verkefnið heppnist og geta náttúrustofur landsins þar gegnt mikilvægu hlutverki, m.a. vegna beinna tengsla sinna við sveitarfélögin, hás menntunarstigs starfsmanna á sviði náttúrufræða og tengslanets sem þær hafa komið upp sín á milli.

Ef stefnt yrði á fullnaðarvottun á 4-5 árum er beinn árlegur kostnaður af vottunarverkefninu sjálfu á þessu tímabili áætlaður um 80 milljónir fyrir allt landið. Ávinningurinn er hins vegar ómetanlegur.